

REGLUGERÐ
um ótímabundið bann við veiðum skipa
með dregin veiðarfæri á svæði út af Aðalvík.

1. gr.

Frá og með 2. desember 2015 er öll veiði skipa með dregin veiðarfæri bönnuð ótímabundið út af Aðalvík á svæði sem afmarkast af:

1. 66°25,500' N - 23°25,300' V
2. 66°25,500' N - 23°20,300' V
3. 66°23,500' N - 23°20,300' V
4. 66°23,500' N - 23°25,300' V

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 1. desember 2015.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Jóhann Guðmundsson.

Baldur P. Erlingsson.